

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er frá 1. júlí til 30. júní og skal sjóðsstjórnin semja reikninga hans árlega og leggja fyrir endurskoðendur. Umdæmisráð skipar tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn. Reikningarnir skulu einnig endurskoðaðir af ríkisendurskoðun.

10. gr.

Ákvæðum skipulagsskrár þessarar verður aðeins breytt með samhljóða samþykki sjóðsstjórnar, samþykki umdæmisráðs og samþykki dómsmálaráðuneytisins.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

10. janúar 1985

Nr. 33

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu loftferðaeftirlits flugmálastjórnar.

	Kr.
1. Afgreiðslugjöld	
1.1 Endurnýjun skírteina einstaklinga, þ. m. t. endurútgáfa glataðra skírteina	300
1.2 Breyting á skírteinum einstaklinga, þ. m. t. innfærsla viðbótarréttinda í skírteini	100
1.3 Fullgilding erlendra skírteina einstaklinga	1 000
1.4 Útgáfa, endurútgáfa, breyting og endurnýjun lofthæfisskírteina vélknúinna loftfara og breytinga skrásetningarskírteina, þ. m. t. breytingar á skrásetningarkerkjum	300
2. Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara.	
2.1 Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara miðast við skráðan hámarksflugtaksþunga þeirra.	
2.2 Gjald fyrir fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis er það sama og árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald.	
2.3 Gjald fyrir útgáfu lofthæfisskírteinis til útflutnings er helmingur árlegs skoðunar- og eftirlitsgjalds.	
2.4 Gjald fyrir tímabundið lofthæfisskírteini (t. d. framlengingu lofthæfisskírteinis eða ferjuheimild), fer eftir gildistíma sem hlutfall af árgjaldi fyrir hvern byrjaðan mánuð.	
2.5 Hálf árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald skal greiða í janúar og júlí ár hvert fyrir næstliðið hálf ár eða hluta úr ári sem loftfarið hafði gilt íslenskt lofthæfisskírteini og reiknast þá hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð.	
2.6 Fari skoðun og/eða eftirlit fram erlendis greiði eigandi eða umráðandi (notandi) fargjöld skoðunarmanna og dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.	
2.7 Árleg skoðunar- og eftirlitsgjöld fyrir loftför knúin hverfillhreyflum eru:	
a) fyrir loftför allt að 5700 kg	2,00 kr/kg
b) fyrir loftför 5701—50000 kg	11 400 kr.
+ gjald fyrir þyngd umfram 5700 kg	0,90 kr/kg
c) fyrir loftför yfir 50000 kg	51 270 kr
+ gjald fyrir þyngd umfram 50000 kg	0,45 kr/kg

3. Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda.

- 3.1 Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda miðast við fjölda þeirra loftfara, sem flugrekandi rekur í starfsemi sinni og hámarksflugtaksþunga þeirra.
- 3.2 Gjald við fyrstu útgáfu flugrekstrarleyfis er það sama og árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald, og miðast þá við fyrirhugaðan rekstur sem sótt er um, hvað varðar fjölda og þyngd loftfaranna.
- 3.3 Hálf t árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald skal greiða í janúar og júlí ár hvert fyrir næstliðið hálf t ár eða hluta úr ári sem flugrekandi hafði gilt flugrekstrarleyfi og reiknast þá hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð sem hvert loftfar var í rekstri hjá flugrekanda á tímabilinu.
- 3.4 Fari skoðun og/eða eftirlit fram erlendis greiði eigandi eða umráðandi (notandi) fargjöld skoðunarmanna og dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.
- 3.5 Árleg skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda eru sem hér segir:
- | | kr. |
|--|--------|
| a) fyrir hvert loftfar undir 2700 kg | 1 500 |
| b) fyrir hvert loftfar 2701-5700 kg | 3 000 |
| c) fyrir hvert loftfar 5701 — 50000 kg | 10 000 |
| d) fyrir hvert loftfar yfir 50000 kg | 15 000 |

4. Prófgjöld.

- 4.1 Fyrir bókleg próf greiðast eftirtalin gjöld:
- | | |
|---|-------|
| a) einkaflugmannspróf | 500 |
| b) atvinnuflugmannspróf I. og II. flokks | 1 000 |
| c) blindflugspróf | 750 |
| d) flugkennarapróf | 750 |
| e) flugumsjónarmannspróf | 1 000 |
| f) flugvéltækniþróf | 1 000 |
| g) flugrekstrarstjóra- og tæknistjóraþróf | 500 |
| h) fyrir hlutaþróf og endurtekningu þrófa í einstökum greinum greiðist fyrir hverja grein | 200 |
- 4.2 Verklegr próf eru tekin hjá prófdómurum sem tilnefndir hafa verið eða staðfestir af flugmálastjórn/loftferðaeftirliti. Próftakar leggja sjálfir til loftför og greiða kostnað af próftökunni til flugmálastjórnar.

5. Greiðsla gjalda samkvæmt þessari gjaldskrá.

- 5.1 Afgreiðslugjöld samkvæmt 1. gr. greiðast hjá loftferðaeftirliti flugmálastjórnar, en öll önnur gjöld greiðast hjá gjaldkera flugmálastjórnar á Reykjavíkurlugvelli.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1985 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 815 21. desember 1983 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 10. janúar 1985

Matthías Bjarnason.

Birgir Guðjónsson.